

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. desember 1979

um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða**(80/51/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af drögum að tilskipun lögðum fram af framkvæmdastjórninni,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í umhverfisáætlun Evrópubandalaganna ⁽³⁾ kemur skýrt fram hve vandamál af völdum hávaða eru mikil og einkum þó nauðsyn þess að gripið sé til aðgerða gegn hávaða af völdum flugumferðar.

Forgangsráðgjafi ráðsins um athugun á málefnum loftflutninga getur um mengun frá loftförum, þar á meðal hávaða.

Draga ber úr hávaða frá loftförum með hliðsjón af umhverfisþáttum, tæknilegum möguleikum og efnahagslegum afleiðingum.

Viðeigandi væri að draga úr þessu ónæði með því að setja hávaðamörk við upptök á grundvelli staðla sem Alþjóðaflugmálastofnunin tiltekur um þetta efni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að öll almenn loftför sem heyra undir einhvern þeirra flokka sem tilgreindir eru í viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflugmál, þriðju útgáfu (júlí 1978), og skrásett eru á yfirráðasvæði þess, sé óheimilt að nota þar nema aðildarríkið hafi gefið hávaðavottorð á grundvelli fullnægjandi gagna um að loftfarið uppfylli skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við viðeigandi staðla sem tilgreindir eru í 2., 3., 5. eða 6. kafla II. hluta í þeim viðauka.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 178, 2. 8. 1976, bls. 61.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 299, 18. 12. 1976, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 112, 20. 11. 1973, bls. 1.

1. Skjöl sem staðfesta hávaðavottun í skilningi 1., 3., 4. og 5. gr. geta verið í formi sérstaks hávaðavottorðs eða viðeigandi yfirlýsingar, sem fram kemur í öðru skjali sem viðurkennt er af skrásetningarríkinu og krafist er af sama ríki að fylgi loftfarinu, og skuli að minnsta kosti hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) skrásetningarríki og skrásetningarkerki loftfarsins;
- b) raðnúmer framleiðanda;
- c) gerðar- og undirgerðarheiti gefið af framleiðanda;
- d) yfirlýsing um allar frekari breytingar sem gerðar hafa verið til að fylgja viðeigandi stöðlum um hávaðavottun;
- e) hámarksþyngdir þar sem sýnt hefur verið fram á að stöðlum um hávaðavottun væri fylgt;
- f) vegna flugvéla þegar umsókn eða vottorð fyrir þær hafa verið lögð fram 6. október 1977 eða síðar: hljóðstyrkur og 90% vikmörk hans í viðmiðunarstöðu(m) sem sýnt hefur verið fram á að fylgi stöðlum um hávaðavottun.

2. Aðildarríki skulu taka gild skjöl, sem getið er um í 1. mgr., gefin út af vottunaryfirvöldum skrásetningarríkis sem einnig er aðildarríki.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að allar almennar skrúfuvelar með vottaða hámarksþyngd við flugtak sem ekki er meiri en 5700 kg og allar almennar þotur sem fljúga undir hljóðhraða, og heyra ekki undir einn þeirra flokka sem tilgreindir eru í viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflugmál, þriðju útgáfu (júlí 1978), en nota flugvelli í einhverju aðildarríki, hafi vottorð um að þær uppfylli skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við viðeigandi staðla sem tilgreindir eru í 2. eða 6. kafla II. hluta í þeim viðauka þegar þær eru nýskrásettar á yfirráðasvæði þeirra.

2. 1. mgr. kemur til framkvæmda fyrir:

- skráfuvélar: ekki síðar en sex mánuðum eftir birtingu þessarar tilskipunar,
- þotur sem fljúga undir hljóðhraða: ekki síðar en einum mánuði eftir birtingu þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríkjum er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og samþykkja skrásetningu skráfuvéla, sem getið er um í 1. mgr. og eru frá öðrum aðildarríkjum, eftir þann tíma sem tiltekinn er í 2. mgr. ef þau tryggja að slíkar flugvélar fljúgi aðeins á yfirráðasvæði þeirra eða ríkja sem eru því samþykk.

4. gr.

1. Eftirfarandi loftför skulu undanþegin ákvæðum 3. gr.:

i) loftför sem uppfylla ekki gildandi skilyrði fyrir hávaðavottun þegar hægt er að búa þau til samræmis við þessa staðla að því tilskyldu:

- a) að hentugur búnaður fyrirfinnist til breytinga á þeirri gerð loftfars sem hér um ræðir;
- b) að loftför sem slíkur búnaður hefur verið settur í geti uppfyllt staðla sem krafist er fyrir hávaðavottun;
- c) að slíkur búnaður sé í raun fánlegur; og
- d) að flugrekandi hafi pantað búnaðinn;

viðeigandi búnað ber að setja í ekki síðar en tveimur árum frá skrásetningardegi;

ii) loftför sem hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1979 af flugrekendum í aðildarríki samkvæmt kaupleigu- eða leigusamningum sem gerðir hafa verið í síðasta lagi þann dag og hafa af þessum sökum verið skrásett í öðru ríki en þar sem þau eru notuð.

2. Aðildarríkjum er heimilt að undanþiggja loftför sem ekki uppfylla viðeigandi skilyrði fyrir hávaðavottun, ákvæðum 3. gr. þegar um er að ræða:

- a) loftför sem koma í stað sama fjölda loftfara sem hafa eyðilagst í slysi og í þeirra stað eru ekki fánleg á markaði sambærileg loftför með hávaðavottun að því tilskildu að skrásetning loftfaranna sem koma í staðinn fari fram innan árs frá slysinu sem um ræðir;
- b) loftför sem hafa sögulegt gildi;
- c) loftför flugrekenda sem sýnir fram á að án undanþágu yrðu áhrifin á rekstur hans fram úr hófi slæm; undanþága í slíkum tilvikum er alltaf veitt að því tilskildu að þessi loftför séu tekin af skrá ekki síðar en 31. desember 1984.

Aðildarríki er þó heimilt að krefjast þess að loftför sem njóta undanþágu sem kveðið er á um í b- og c-lið þessarar málsgreinar uppfylli ákvæði 3. gr. ef þau nota flugstöðvar í því aðildarríki. Aðildarríki sem krefjast þess að slík loftför uppfylli ákvæði 3. gr. skulu upplýsa önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina um það.

5. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja, samanber þó 1. gr., að eftir 31. desember 1986 sé óheimilt að nota á yfirráðasvæði þess almennar þotur sem fljúga undir hljóðhraða og skrásettar eru á því yfirráðasvæði og hafa vottaða hámarksþyngd við flugtak meiri en tuttugu tonn nema það hafi gefið hávaðavottorð á grundvelli fullnægjandi gagna um að flugvélin uppfylli skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við staðla tilgreinda í 2. kafla II. hluta viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflugmál, þriðju útgáfu (júlí 1978).

2. Lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum er heimilt að veita tímabundnar undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. ef flugrekandi skuldbindur sig til að afla sér fyrir 31. desember 1988 í stað viðkomandi flugvéla annarra flugvéla sem fánlegar eru á markaði og uppfylla skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við hávaðastaðla tilgreinda í 3. kafla II. hluta viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflugmál, þriðju útgáfu (júlí 1978).

6. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa, í einstaka undantekningartilfellum, tímabundna notkun loftfars á yfirráðasvæði sínu þegar ekki er unnt að fljúga því samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar.

7. gr.

Aðildarríki skulu reyna eftir megni að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að loftför, sem eru ekki skrásett í aðildarríki en nota flugstöðvar á yfirráðasvæði þeirra, uppfylli skilyrði að minnsta kosti jafnströng þeim sem loftför aðildarríkjanna sem heyra undir 1. til 6. gr. verða að uppfylla.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að framfylgja tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað, samanber þó ákvæði 1. mgr. 3. gr.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

Gjört í Brussel 20. desember 1979.

9. gr.

Fyrir hönd ráðsins,

J. TUNNEY

forseti.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.
